
Breyting á vatnstöku IWH í Hlíðarendalindum í Ölfusi

Sveitarfélagið Ölfus

Ákvörðun um mats skyldu

1 INNGANGUR

Þann 22. október 2021 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Icelandic Water Holdings ehf. um fyrirhugaða breytingu á vatnstöku Icelandic Water Holdings ehf. í Hlíðarendalindum í Ölfusi, Sveitarfélaginu Ölfusi, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlaða, sbr. lið 10.20 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Umhverfisstofnunar, Sveitarfélagsins Ölfus, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Orkustofnunar, Veðurstofu Íslands og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Breyting á vatnstöku IWH í Hlíðarendalindum í Ölfusi. Fyrirspurn um mats skyldu framkvæmdar. Unnið fyrir IWH, 20. október 2021, greinargerð ÍSOR-21042.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá Sveitarfélaginu Ölfusi 24. nóvember 2021, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands 22. nóvember 2021, Orkustofnun 3. desember 2021, Veðurstofu Íslands 23. nóvember og 20. desember 2021 og Náttúrufræðistofnun Íslands 22. nóvember 2021.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 3. og 16. desember 2021.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Icelandic Water Holdings ehf. óskar eftir auknu nýtingarleyfi úr Hlíðarendalindum vegna átöppunarverksmiðju í landi Hlíðarenda í Ölfusi. Í núgildandi nýtingarleyfi frá árinu 2008 er kveðið á um nýtingu sem nemur 30 lítrum á sekúndu af Lindarvatni til átöppunar úr Hlíðarendalindum. Framkvæmdaraðili óskar nú eftir aukinni nýtingu í 70 lítra á sekúndu úr grunnvatnslindinni en stærð Hlíðarendasvæðisins er um 40 ha. Ekki er því um eiginlegar framkvæmdir að ræða heldur aukna vatnstöku úr lindum sem eru nýttar.

4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Icelandic Water Holdings ehf. og umsögnum umsagnaraðila.

Grunnvatn

Í greinargerð Icelandic Water Holdings ehf. kemur fram að rennsli úr lindum á Hlíðarendasvæðinu sé áætlað 110-125 L/s en lágmarksrennsli grunnvatnsstraums sem rennur um undirvatnasvið Hlíðarendalinda er 3.000 lítrar á sekúndu. Um 99% þess vatns er talið flæða sem grunnvatn til sjávar án þess að ná til yfirborðs. Því ætti aukin vatnstaka ekki að hafa áhrif á grunnvatn á svæðinu.



Eftirlitsgögn úr borholu HEL-3 (símælingar með vatnshraðamæli) sem staðsett er nærri lindinni sýna að meðaldýpi á vatnsborði er um 3 metrar og eru árstíðarbundnar sveiflur sýnilegar þar sem dregst nokkuð niður í vatnsborðinu yfir sumarið. Engar langtímabreytingar eru sýnilegar og hafa ekki orðið á svæðinu frá því að vinnsla hófst.

Í umsögn Veðurstofu Íslands kemur fram að vatnstakan árið 2015 hafi ekki bent til þess að umtalsvert álag væri vegna vatnstöku á þessu svæði. Gögnin eru hinsvegar orðin gömul og nú liggja fyrir áform um að nýta sama grunnvatnsveiti. Fyrirhuguð uppbygging mun kalla á aukna vatnspörf, bæði til neyslu og iðnaðarnotkunar og því þarf að stækka vatnsveitu sveitarfélagsins. Veðurstofan telur því nauðsynlegt að skoða sammögnunaráhrif hinna mismunandi framkvæmda sem nú eru á áætlun og að ákvarðanir byggji á vel ígrunduðum gögnum. Við stórauðna nýtingu grunnvatnsauðlindarinnar á svæðinu í kringum Þorlákshöfn í nánustu framtíð er mikilvægt að auðlindin sé nýtt á skynsaman og sjálfbæran hátt, með minnstum árekstrum ólíkra notenda.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að grunnvatnsstreymi í grunnvatnsstraumi Hlíðarenda-Núpar sem rennur um Hlíðarenda er áætlaður um $3 \text{ m}^3/\text{s}$. Sunnan við Hlíðarenda er skilgreindur annar grunnvatnsstraumur, Bjarnavík – Hafnarvík. Mörk þessara tveggja grunnvatnsstrauma eru óljós en áætlað er að þau teygist upp undir Helliheiði og Skálafell. Við þessa strauma bætist grunnvatn úr grunnvatnsstraum úr norðri frá Hlíðarenda og austri, áður en grunnvatnið flæðir til sjávar, m.a. Þorlákshöfn. Heildarvatnsmagn grunnvatnsstraumsins sem rennur til sjávar við Þorlákshöfn og vestan við Þorlákshöfn hefur verið áætlað $10\text{-}12 \text{ m}^3/\text{s}$. Aukin vatnsvinnsla í landi Hlíðarendalinda myndi nema $0,07 \text{ m}^3/\text{s}$ og er því lítið brot af því grunnvatni sem rennur til sjávar sunnan við Hlíðarenda. Því verður ekki séð að fyrirhuguð vatnsvinnsla muni hafa umtalsverð áhrif á möguleika annarra til að nýta grunnvatn neðar í grunnvatnsstraumnum.

Orkustofnun segir í umsögn sinni að hugsanlega fæði sami grunnvatnsstraumur nýtingarsvæði IWH og vatnsból Þorlákshafnar, a.m.k. að hluta. Þó verður ekki séð að fyrirhuguð aukning á vatnstöku í Hlíðarenda hafi áhrif þar á.

Yfirborðsvatn

Í greinargerð kemur fram að skv. mælingum er áætlað að lágmarksrennsli við ræsi sem rennur í Hlíðarendalæk sé $85\text{-}90$ lítrar á sekúndu. Til viðbótar koma inn í lækinn að minnsta kosti $25\text{-}35$ lítrar á sekúndu, sem koma úr lindum austan við núverandi nýtingarsvæði. Þannig er mat á heildarrennsli úr Hlíðarendalindum í Hlíðarendalæk talið vera um $110\text{-}125$ lítrar á sekúndu. Ef nýttir verða 70 lítrar á sekúndu til átöppunar eru að meðaltali $40\text{-}50$ lítrar á sekúndu sem renna áfram í lækinn. Hann rennur áfram tveggja kílómetra leið í átt að Litlalandi og hverfur þar ofan í gljúp hraun og sameinast aftur grunnvatnsstraumi sem rennur til suðausturs.

Framkvæmdaraðili er með tiltækar mótvægisáðgerðir ef þörf krefur, ef rennsli í Hlíðarendalæk minnkar umfram náttúrulegar sveiflur. Mótvægisáðgerðirnar felast í því að nota dælu sem komið hefur verið fyrir í borholu í hrauninu austan við Hlíðarenda og dæla í lækinn til að viðhalda rennsli í læknum ef nauðsyn þykir. Með eftirliti er fylgst með hvort og hvenær þörf yrði á slíkum áðgerðum, en ekki hefur þurft að grípa til þessa úrræðis ennþá.

Meningarminjar

Í greinargerð Icelandic Water Holdings ehf. kemur fram að í útgefnu deiliskipulagi eru tilgreindar fornminjar sem fundist hafa innan framkvæmdarsvæðisins. Fornminjarnar eru staðsettar um 50 metra norðvestur af íbúðarhúsinu að Hlíðarenda.



5 SKIPULAG OG LEYFI

Vatnsvinnslan að Hlíðarenda er í samræmi við Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022. Í gildi er deiliskipulag fyrir vatnsátöppunarverksmiðju í landi Hlíðarenda.

Framkvæmdin er háð leyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands sem veitir neysluvatnsveitum og vatnsátöppunarverksmiðjum starfsleyfi skv. lögum nr.71/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 93/1995 um matvæli, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns með síðari breytingum og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Jafnframt þarf að afla nýtingarleyfis Orkustofnunar á grundvelli laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða aukna nýtingu á grunnvatni úr 30 lítrum á sekúndu í 70 lítra á sekúndu úr grunnvatnslind í Hlíðarendalindum í Ölfusi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 10.20 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, samlegðar með öðrum framkvæmdum og nýtingar náttúruauðlinda sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Auk þess skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að lokum ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi eðlis og staðsetningar hennar, svo sem með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa, samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Hér er um að ræða aukna dælingu úr Hlíðarendalindum. Engin mannvirkjagerð fylgir aukinni vatnsvinnslu. Skipulagsstofnun telur að áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar felist einna helst í áhrifum á rennsli í lækjum á yfirborði.

Sjálfrennandi vatn eru eftirsóknarverð gæði sem vert er að vernda eftir bestu getu. Við nýtingu á sameiginlegri auðlind líkt og grunnvatnið í Ölfusi er, er ljóst að allir hlutaðeigandi aðilar verða að ganga um þá auðlind af kostgæfni og virðingu til að forðast ofnýtingu á grunnvatnsauðlindinni, svo ekki hljóttist veruleg og óafturkræf áhrif á umhverfið.

Skipulagsstofnun er kunnugt um þrjú fyrirtæki sem hafa uppi áform um umfangsmikið laxeldi skammt vestan Þorlákshafnar. Samanlögð ársframleiðsla þeirra nemur allt að 66.000 tonnum. Starfsemi þeirra hefur í för með sér mjög mikla grunnvatnsnotkun, en notkunin er fyrst og fremst jarðsjór eða 12.000 til 20.000 L/s hjá hverju fyrirtæki fyrir sig. En einnig þurfa fyrirtækin umtalsvert af fersku vatni sem er um 700 L/s hjá því fyrirtæki sem ráðgerir mesta ferskvatnsnotkun. Öll fyrirtækin áforma að starfa við sjávarsíðuna. Skipulagsstofnun telur ekki líklegt að áform um allt að 70 L/s vatnsvinnslu úr lindum að Hlíðarenda í Ölfusi muni hafa áhrif á möguleika laxeldisfyrirtækjanna til að afla sér vatns til starfseminnar. Hlíðarendi er mun ofar og vestar í landi svo nemur 5 til 7 km og ólíklegt að virkjun náttúrulegra linda hafi í för með sér áhrif á vatnsvinnslu laxeldisfyrirtækjanna.



Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum Icelandic Water Holdings ehf. sem hefur með sínu eftirliti og útreikningum síðustu ár sýnt fram á að aukin vatnstaka upp á 70 l/s verði óveruleg í samanburði við náttúrulegar sveiflur við núverandi vinnslu, en það er í höndum framkvæmdaraðila að tryggja óbreytt rennsli í læknum miðað við náttúrulegar aðstæður. Því telur Skipulagsstofnun líklegt að vatnstakan muni hafa lítil áhrif á grunnvatn en mikilvægt er að vakta stöðu og efnasamsetningu grunnvatns og grípa til mótvægisáðgerða ef útlit er fyrir að svæðið bregðist öðruvísi við en áætlað var, við aukinni vatnstöku.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirliggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 16. febrúar 2022

Reykjavík, 27. desember 2021

Egill Þórarinnsson

Þórdís Stella Erlingsdóttir